

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. febrúar 2020

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um lögfestingu sammings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, 152. löggjafarþing 2021 -2022. Þskj. nr. 34 - 34. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ) hefur borist ofangreint frumvarp, um lögfestingu sammings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, til umsagnar.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að fyrrgreindur samningur verði lögfestur, en hann var fullgiltur hér á landi í október 2016. Með lögfestingu öðlast hann þau beinu réttaráhrif sem nauðsyn ber til svo hægt sé að beita honum með beinum hætti fyrir dómstólum ef á þarf að halda. Það liggur því beinast við að lögfesta samninginn svo hann hafi fullt og ótakmarkað lagalegt gildi hér á landi.

Markmið sammings er, líkt og í greinargerðinni segir, að "efla, verja og tryggja full og jöfn mannréttindi og grundvallarfrelsi fyrir allt fatlað fólk til jafns við aðra, jafnframt því að efla og vinna að virðingu fyrir eðlislægri mannlegri reisn þess". MRSÍ bendir á að til að ná þessum markmiðum fram við lögfestingu sammingsins er nauðsynlegt að hafa samstarf og samráð við fatlað fólk og hagsmunasamtök þess, persónulega talsmenn og aðra sérfræðinga varðandi málefni fatlaðs fólks.

MRSÍ styður frumvarpið og fagnar hverju skrefi í átt að bættum mannréttindum fatlaðs fólks.

Virðingarfyllst,

Mannréttindaskrifstofu Íslands